

Náttúrufræðistofnun Íslands
Urriðaholtsstræti 6-8
210 Garðabær

Reykjavík, 28. október 2019
UST201910-250/H.H.
09.05.01

Efni: Fararleyfi til Surtsey - október 2019

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Náttúrufræðistofnun Íslands um fararleyfi til Surtsey 23. október 2019.

Surtsey er friðlýst sem friðland sbr. auglýsing nr. 50/2006. Óheimilt er að fara í land í Surtsey nema með skriflegu leyfi Umhverfisstofnunar. Heimilt er að veita leyfi til ferða út í Surtsey til rannsókna og verkefna sem tengjast þeim, eða til kvikmyndatöku og/eða ljósmyndunar vegna gerðar fræðsluefnis með sérstaka skírskotun til Surtseyjar eða rannsókna þar.

Lýsing verkefnis:

Fyrirliggjandi er eftirlitsleiðangur á vegum Umhverfisstofnunar og Landhelgisgæslunnar að Pálsbæ í Surtsey þar sem nýlega kom í ljós að hleri á skálanum í eyjunni (Pálsbær II) er opinn. Nauðsynlegt er að tryggja að hlerinn sé lokaður fyrir veturinn til að koma í veg fyrir skemmdir á rúðum. Líffræðingar frá Náttúrufræðistofnun Íslands munu koma með í ferðina, bæði til að athuga með skálann sem og mynda útselskópa í látri á norðurtanganum vegna rannsókna. Um að ræða einstakt tækifæri til að heimsækja eyjuna á þessum tíma árs á meðan útselir eru í látri. Ráðgert er að dvelja í eyjunni í að hámarki 45 mínútur.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur að verkefnið hafi takmörkuð áhrif á náttúrufarar Surtsey, enda verður skilyrðum um þrif á fatnaði fylgt. Leiðangursmenn munu gæta þess að selir verði ekki fyrir truflun af þeirra háflu.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyti leyfi fararleyfi til Surtseyjar sbr. lýsingu hér að ofan 30. október 2019 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Fararleyfið gildir eingöngu fyrir eftirfarandi aðila:
 - Erling Ólafsson, líffræðingur, Náttúrufræðistofnun Íslands
 - Borgþór Magnússon, líffræðingur, Náttúrufræðistofnun Íslands
 - Jens Þór Sigurðsson, Landhelgisgæslan
 - Lárus Helgi Kristinsson, Landhelgisgæslan
 - Magnús Pálmar Jónsson, Landhelgisgæslan
 - Hrannar Sigurðsson, Landhelgisgæslan
- Takmarka skal þann tíma sem dvalið er á svæðinu eins og kostur er.

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti tveggja sólarhringa fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Leiðangursmenn skulu gæta þess að hreinsa allan fatnað og farangur áður en lagt er af stað til að tryggja að engar lífverur, plöntuhlutar og jarðvegur berist til Surtseyjar til að tryggja að landnám/þróun lífs eigi sér stað án tilstuðlan mannsins. Er það á ábyrgð leiðangursstjóra að tryggja að allir leiðangursmenn viti af þessu og sjái til þess að það sé gert.
- Ef í ljós kemur að hreinsun fatnaðar og/eða búnaðar er ábótavant getur eftirlitsmaður farið fram á að búnaður sé skilinn eftir, frestað för þar til úrbætur hafa farið fram eða farið fram á að fararleyfi viðkomandi sé afturkallað.
- Gæta verður þess að ganga vel um viðkvæma náttúru Surtseyjar þar sem bannað er að trufla dýralíf, raska jarðminjum og skerða gróður.
- Gæta verður þess að allur farangur verði tekin til baka sem og allur sá úrgangur sem til fellur á meðan dvalið er í Surtsey.
- Ekkert drykkjarvatn er í eyjunni og verða leiðangursmenn að flytja það með sér. Þá er þar engin salernisaðstaða.
- Á meðan dvalið er í eyjunni ber leiðangursmönnum að hlíta fyrirmælum starfsmanns friðlandsins,
- Óheimilt er að trufla dýralíf.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.


Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Með í för verður Daníel Freyr Jónsson, starfsmaður friðlandsins.

Leiðbeiningar um hreinsun fatnaðar og búnaðar er að finna í fylgiskjali með bréfi þessu.

Virðingarfyllst



Sigrún Ágústsdóttir
seftur forstjóri



Daníel Freyr Jónsson
sérfræðingur